

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í C-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Kemur hún til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 1996 vegna vaxtagjalda á árinu 1995.

Fjármálaráðuneytinu, 21. mars 1996.

F. h. r.

Bragi Gunnarsson.

Ragnheiður Snorradóttir.
REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 71/1993, um undanþágu frá virðisaukaskatti vegna innflutnings á prentuðu máli.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðanna „önnur prentuð gögn“ kemur: önnur gögn sem innhalda ritað mál í hvaða formi sem er.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðanna „önnur prentuð gögn“ kemur: önnur gögn sem innhalda ritað mál í hvaða formi sem er.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 23. mars 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.
AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1976 og lögum nr. 66 frá 31. ágúst 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, er taki gildi 1. apríl 1996.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 34 13. janúar 1994: